



Alþingi
Erindi nr. P 139/638
komudagur 2.12.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 2. desember 2010.

Efni: umsögn um 48. mál, þskj. 49, 139. lþ., frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisbrot).

Jafnréttisstofa sendir hér með umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisbrot), en einhverra hluta vegna barst Jafnréttisstofu ekki umsaganrbeiðni um ofangreint frumvarp þegar umsagnarbeiðnir voru sendar út.

Með frumvarpinu er lagt til að 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 10/1940 verði breytt á þann veg að verknaðarlýsing sú sem nú er í ákvæðinu verði felld brott. Einnig verði refsilágmark hækkað úr einu ári í tvö. Eftir standi eftirfarandi orðrétt: „Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.“

Jafnréttisstofa geldur varhug við því að þessar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu verði lögfestar. Helstu rökin gegn því hafa verið dregin saman af Ragnheiði Bragadóttur, prófessor í refsirétti við Háskóla Íslands, í frétt sem birtist í Morgunblaðinu, þriðjudaginn 30. nóvember 2010. Ragnheiður bendir meðal annars á það að breytingin sé ótímabær. Jafnréttisstofa tekur undir það. Nauðgunarákvæðinu var töluvert breytt 2007 og því er ekki komin nægileg reynsla á það hvort sú breyting nái utan um það sem henni var ætlað. M.a. á ákvæðið eins og það er orðað núna að ná utan um þau tilvik þegar kynmök fara fram án samþykkis þolanda, sbr. aths. í greinargerð með breytingalögnum frá 2007.

Enn fremur tekur Jafnréttisstofa undir áhyggjur prófessors Ragnheiðar um það að ef frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir þá sé hætt á því að ákærendur og dómarrar túlki nauðgunarhugtakið eins og gert var áratugum sama, það þurfi að vera ofbeldi eða hótun um ofbeldi og það væri skref afturábak. Nauðgun er ekki skilgreind annars staðar í lögum. Tiltölulega stutt er síðan skilgreiningunni var breytt, sbr. áður sagt um breytinguna 2007, og dómafordæmi eftir það fá. Því er ljóst að hættan sem prófessor Ragnheiður nefnir er fyrir hendi.

Dómarar hefðu ekki annað við að styðjast en eldri dóma þar sem ofbeldi eða hótun um ofbeldi var hugtaksatriði og alger forsenda fyrir því að um nauðgun gæti verið að ræða.

Jafnréttisstofa bendir einnig á það samkvæmt núgildandi lögum er það alls ekki skilyrði fyrir því að háttsemi teljist vera að líkamlegu ofbeldi/hótun um ofbeldi hafi verið beitt eða líkamlegir áverkar séu á brotþola. Í greinargerðinni með breytingalögum frá 2007 kemur alveg skýrt fram að ekki þurfi að vera neinir líkamlegir ákverkar á brotþola. Það segir einnig skýrt í greinargerðinni að ekki sé lengur refsinaemisskilyrði nauðgunar að hótað sé með ofbeldi.


Varðandi þá hækkun refsilágmarks sem lögð er til í frumvarpinu þá telur Jafnréttisstofa eðlilegt að dómarar hafi ákveðið svigrúm því mál getar verið af þeim toga að svo há refsing væri óeðlileg, eins og ef brotþoli og gerandi væru unglingar á svipuðum aldri, eins og prófessor Ragnheiður bendir á í meðfylgjandi frétt.

Jafnréttisstofa telur rétt að látið verði á það reyna lengur en orðið er hvort ákvæðið eins og það er í núgildandi lögum sé ekki nægilega víðtækt og telur ekki tímabært að breyta því eins og lagt er til í þessu frumvarpi sem hér er til umsagnar. Jafnréttisstofa bendir á að greinargerð með lögum er mikilvægasta lögskýringargagnið. Í greinargerðinni með breytingalögum frá 2007 kemur vilji löggjafans skýrt í ljós varðandi það hver skilgreiningin á nauðgun er og til hvaða atriða skuli líta við meðferð slíkara mála.

Jafnréttisstofa hvetur til þess að hugað verði frekar að forvörnum og einnig að horfa til þess að meðferðarúrræði fyrir gerendur verði bætt, jafnvel að hægt sé að setja það inn í dóma að sakborningur skuli sæta tiltekinni meðferð, t.d. hjá sálfræðingi.

Jafnréttisstofa leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst
f.h. Jafnréttisstofu



Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur

Meðfylgjandi: fréttaskýring úr Morgunblaðinu 1. desember 2010 þar sem talað er við prófessor Ragnheiði Bragadóttur.

Fleiri dómar og harðari refsingar

● Tillaga fyrir Alþingi um breytingu á ákvæði almennra hegningarlaga um nauðgun byggist á misskilningi

FRÉTTASKÝRING

Steinþór Guðbjartsson
 steinhor@mbi.is



Fyrir Alþingi liggur frumvarpi til laga um breytingu á ákvæði almennra hegningarlaga um nauðgun. Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og formaður Norræna sakfræðiráðsins, segir að sér virðist að tillagan byggist á misskilningi, rangt sé farið með staðreyndir og breytingin sé ótímabær, auk þess sem ástæða sé til að hugsa meira um forvarnir en refsingar. Hún vísar til þess að viðamiklar breytingar hafi verið gerðar á kynferðisbrota-kaflanum 2007 og fyrir liggja að frá 1992 til 2009 hafi dómum fjölgað og refsingar þynnst.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að 1. mgr. 194. gr. hegningarlaganna verði breytt og verði eftirfarandi: „Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár

og allt að 16 árum“. Í gildandi lögum er refsivist-in frá einu ári, auk þess sem útlitast er hvað átt sé við með nauðgun. „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmaetri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst sýpting sjálfræðis með innilokum, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

Ragnheiður bendir á að með breytingunni sé verknaðarlýsingin afdnum- in og gengið út frá því að nauðgun sé hugtak sem sé þekkt og skilgreint. Þá sé lágmarksrefsingin hækkuð. Breytingunum sem voru gerðar á kaflanum um kynferðisafbrot 2007 fylgdi við-




Ragnheiður Bragadóttir

mikil greinargerð. Ragnhildur segir að þá hafi verið farið í allsherjar endurskoðun á kaflanum, ákvæðin endurskoðuð, þau lögð að nútíma- huggingum og nauðgunarhugtakið rýmkað mjög frá því sem áður var. „Þá var markmiðið að bæta réttarstöðu kvenna og barna þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi og reynt að tryggja það með löggjöf eins og hægt er að sjálfsákvörðunarréttur fólks í kynlífi séu virtur og njóti verndar,“ segir Ragnheiður.

Skref til baka

Ákvæðið um nauðgun í fyrirliggjandi frumvarpi er alltof óljóst að mati Ragnhildar. Hún bendir á að fyrir 2007 hafi ekki verið um að ræða nauðgun nema beitt hafi verið ofbeldi eða hótun um ofbeldi við brotið. Því hafi verið breytt 2007 þannig að kynferðismök án samþykkis séu refsiverð. „Mín skoðun er sú að það verði að lýsa því í hverju þau séu fölgín,“ segir hún. Ragnheiður bætir við að

Refsingar fyrir kynferðisbrot 1992-2009



Staðreyndir og efi

- » Algengustu refsingar fyrir nauðgun voru eins til tveggja ára fangelsi 1992-2002. Tveggja til þriggja ára fangelsi 2003-2006 og þriggja til fimm ára fangelsi 2007-2009.
- » Ragnheiður telur hæpið að ákvæðið í frumvarpinu fullnægi skilyrðum Mannréttinda- dómstólsins um skýrleika refsheimilda.

verði frumvarpið samþykkt eins og það liggja fyrir sé mikil hættá á því að ákærendur og dómarmen tölki nauðgunarhugtakið eins og gert var í áratugi – að það þurfi að vera ofbeldi eða hótun um ofbeldi. „Það væri þá skref afturábak.“

Að sögn Ragnhildar misskilja höfundar frumvarpsins málið. „Þeir

halda því fram að samkvæmt núgildandi lögum þurfi að vera ofbeldi og líkamlegir áverkar en það er alrangt. Það kemur fram í greinargerð með núgildandi lögum að svo er alls ekki.“

Hæðkun refsilágmarksins fellur ekki að hugmyndum Ragnhildar. Hún telur nauðsynlegt fyrir dómendur að hafa ákveðið svigrúm vegna þess að upp geta komið mál þar sem ekki sé ástæða til þess að dæma eins þunga refsingu og tvö ár eru, t.d. þegar gerandi og þolandi eru unglingar á svipuðum aldri.

Ragnheiður segir að breytingarnar 2007 hafi verið til mikilla bóta. Misbeiting við þroskaháttana, sofandi og övnaða teljist nú til nauðgunar. Eins hafi verið sett inn í lögina atriði sem verka til þynningar á refsingu eins og t.d. ef þolandi er barn yngra en 18 ára, beitt er stórfelldu ofbeldi eða um ítrekunaráhrif er að ræða. Refsimörk fyrir kynmök við barn yngra en 15 ára hafi verið þynngt og séu þau sömu og fyrir nauðgun.